

Fundargerð háskólaráðs 18. apríl 2018

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir verkefnastjóri nemendaskrár og fulltrúi starfsmanna, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara (Skype), Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Teitur Erlingsson fulltrúi grunnema og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Signý Óskarsdóttir gæðastjóri.

Fjarverandi: Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttarnema og Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt.

2. Fjármál, eignasala, breytingar á húsnæðisnotkun

Fjármálastjóri upplýsir að ársreikningur 2017 liggja nánast fyrir frágenginn og er útkoman svipuð og búist hafði verið við. Hagnaður af rekstri verður um 34 millj. kr. og þar af er söluhagnaður eigna um 23 millj. kr. Flutningar standa fyrir dyrum hjá starfsfólki skólans vegna sölu 1. hæðar Hamragarða. Kennslu- og rekstrarsvið fara á kennaragang og þangað flyst rektor einnig. Bókasafn fer í það rými sem kennslusvið hefur haft til umráða og alþjóðasvið fer í Guðmundarstofu. Þá flyst markaðssvið í herbergi við hlið Aðalbóls þar sem húsnæðissvið hefur verið. Kennarar flytja á efstu hæð vistarhúss (himnaríki).

Fjármálastjóri vék af fundi að loknum dagskrárlið 2.

3. Tillögur að breytingum á regluverki skólans vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis

Framkvæmdastýra kennslu og þjónustu kynnir tillögur að breytingum á regluverki skólans vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni. Fyrir liggja drög að verklagsreglum og forvarnaráætlun sem unnin voru eftir ábendingum frá starfsfólki innan skólans og nemendum. Verkefnastjóri nemendaskrár og framkvæmdastýra kennslu og þjónustu unnu drögin og höfðu samráð við rektor og formann jafnréttisnefndar áður en þau voru send til háskólaráðs. Engar efnislegar athugasemdir komu fram á fundinum, en ákveðið var að senda tillögurnar annars vegar um verklagsreglur og hins vegar drög að aðgerðaáætlun til umsagnar í deildum skólans, stjórnarsýslusviða og nemenda með beiðni um viðbrögð eigi síðar en 17. maí nk.

4. Staða umsókna og innritana á haustönn 2018

Verkefnastjóri nemendaskrár kynnir tölur vegna umsókna og innritana á haustönn 2018. Komnar eru 54 umsóknir í grunn- og meistaranám. Búið er að samþykka 18 umsóknir. Á sama tíma í fyrra voru komnar 45 umsóknir í háskólanám og 21 samþykkt. Þá voru komnar 15 umsóknir í háskólagátt, en nú eru þær níu.

5. Gæðamál

Gæðastjóri kynnti að ráðgjafanefnd háskólastigsins fundaði nú í apríl á Hólum þar sem námsframboð og rannsóknaraðstaða var kynnt, fjallað var um mat á áhrifum rannsókna og rannsóknarstefnur deilda. Stefnt er að því að í lok maí verði verkáætlun fyrir gæðastarf í Háskólanum á Bifröst fram til 2023 tilbúin. Hún segir frá að LÍS hefur sett fram stefnu um gæði í íslensku háskólastarfi og hvetur fulltrúa í ráðinu til að kynna sér hana. Gæðastjóri mun funda með nemendum í lok maí vegna gæðamála, einnig mun hún funda með alþjóðafulltrúa vor vegna Bologna verklags. BORE II verkefnið er að fara í gang að nýju. 4. maí verða niðurstöður Eurostat könnunar kynntar.

6. Tilnefningar í stjórn og fulltrúaráð Háskólans á Bifröst

Rektor kynnir tilnefningar í stjórn og fulltrúaráð Háskólans á Bifröst.

Í stjórn skólans verði fyrir hönd háskólaráðs Bryndís Hlökkversdóttir sem er tilefnd til tveggja ára. Varafulltrúi fyrir hönd háskólaráðs til sama tíma er Vífill Karlsson.

Fyrir hönd háskólaráðs í fulltrúaráð eru tilnefnd Sigrún Lilja Einarsdóttir (2018), Helga Kristín Auðunsdóttir (2018 og 2019), Brynjar Þór Þorsteinsson (2018, 2019 og 2020). Varafulltrúi fyrir hönd háskólaráðs á aðalfundi 2018 er tilnefndur Teitur Örn Erlingsson.

Ofangreindar tilnefningar eru samþykktar.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.30

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir